

Mánudaginn 18. marz 1968.

Nr. 42/1966. **Valdstjórnin**
 gegn
Sigurjóni Einarssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Gizur Bergsteinsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Kærumál. Vitnaskylda. Dómhæfi kröfu. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 6. tölulið 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar 1968, er barst dóminum 29. s. m. Krefst hann þess, að úrskurður héraðsdóms verði úr gildi felldur og að háð verði vitnapróf þau, er í úrskurðinum greinir, þ. e. að dr. med. Tómas Helgason yfirlæknir og aðrir læknar Kleppsspítalans komi fyrir dóm.

Krafa varnaraðilja um yfirheyrslu ónafngreindra lækna Kleppsspítalans er eigi dómhæf, og verður henni því vísað frá héraðsdómi.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, að því er varðar vitnaskyldu dr. Tómasar Helgasonar.

Dómsorð:

Framangreindri kröfu er vísað frá héraðsdómi.

Að því er varðar vitnaskyldu dr. Tómasar Helgasonar yfirlæknis, er hinn kærði úrskurður staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 22. febrúar 1968.

Ár 1968, fimmtudaginn 22. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómar, kveðinn upp úrskurður þessi í málinu: Valdstjórnin gegn Sigurjóni Einarssyni, en málið var tekið til úrskurðar 21. þ. m.

Með bréfi, dags. 19. þ. m., hefur varnaraðili, Sigurjón Einarsson verzlunarmaður, Snorrabraut 52 hér í borg, fæddur 13. desember 1930, krafizt þess, að prófessor, dr. med. Tómas Helgason, yfirlæknir Kleppsspítalans, verði kvaddur fyrir sakadóm og yfirheyrður um vottorð Kleppsspítalans, dags. 16. janúar s.l., um varnaraðilja, er hann hefur undirritað. Verði hann jafnframt látinn gera grein fyrir grundvelli sjúkdómsgreiningar þeirrar á varnaraðilja, er þar getur, og nauðsyn þess, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði, og í því sambandi vitnað til framburðar Ólafs Hauks Ólafssonar læknis fyrir sakadómi, en læknirinn hafði vísað þeirri spurningu, hvort hann telji sjálfræðissviptingu líklega til að flýta fyrir bata varnaraðilja, til lækna þeirra, er hann stunda. Einnig kveður varnaraðili nauðsynlegt, að aðrir læknar Kleppsspítalans en Tómas Helgason verði yfirheyrðir og álits þeirra aflað um sjúkdómsgreiningu Kleppsspítalans á varnaraðilja og nauðsyn lögræðissviptingarinnar.

Upphaf máls þessa er það, að með beiðni, dagsettri 23. desember s.l., fór móðir varnaraðilja, Unnur Pétursdóttir, Smáragötu 1 hér í borg, þess á leit, að hann verði sviptur sjálfræði vegna drykkjuskaparóreglu. Sé þörf á þessu, til þess að unnt sé að reyna við hann lækningaaðgerðir, sem taldar séu vænlegar til árangurs.

Varnaraðilja var ráðstafað á Kleppsspítalann hinn 24. desember s.l. af aðstandendum. Í vottorði Ólafs Hauks Ólafssonar læknis, er fylgdi varnaraðilja þangað, segir, að sjúkdómsgreiningin á honum sé „alcoholismus chron.“ Varnaraðili dvaldist í þetta sinn á Kleppsspítala til 15. janúar s.l., en strauk þá þaðan.

Dómsrannsókn hófst í máli þessu hinn 28. desember s.l., og var málið nokkru síðar að frumrannsókn lokinni sent saksóknara ríkisins. Gaf hann út ákæruskjal á hendur varnaraðilja hinn 18. janúar s.l. Er þar þess krafizt, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði vegna ofnautnar áfengis og geðveilu, sbr. 3. og 1. tölulið laga nr. 95/1947 um lögræði (sic), og að hann verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar. Ákæran var birt fyrir varnaraðilja, er þá dvaldist á Kleppsspítala, sama dag og hún var gefin út, og fól hann Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmanni að halda uppi fyrir sig vörnum í málinu.

Dómari máls þessa aflaði vottorðs frá Kleppsspítalanum um sjúkdómsgreiningu á varnaraðilja. Vottorð þetta, sem dagsett er 16. janúar s.l., undirritað af dr. med. Tómasi Helgasyni yfirlækni, er svohljóðandi:

„Samkvæmt beiðni yðar, dags. 12. janúar 1968, skal upplýst, að Sigurjón Einarsson, f. 13. 12. 1930, hefur verið hér á spítalanum 23. 9.—2. 11. 1967 og aftur síðan 24. 12. 1967, þar til hann strauk í gærkvöldi, þann 15. 1. 1968.

Sjúkdómsgreining spítalans er *alcoholismus chronicus* og *psychopathia*.

Hér með fylgja ljósrit af innlagningarbeiðni Ólafs H. Ólafssonar, lækni, fyrir Sigurjón, dags. 23. 12. 1967. Ljósrit af yfirlýsingu hans, dags. 5. 1. 1968, og ljósrit af bréfi Sigurjóns, dags. 10. 1. 1968“.

Eftir að bréf varnaraðilja með framangreindri kröfu um, að dr. med. Tómas Helgason yfirlæknir verði kvaddur fyrir dóm, barst, sendi dómariinn Kleppsspítalanum það til umsagnar. Svarbréf spítalans, dags. 20. þ. m., undirritað af yfirlækninum, er á þessa leið:

„Bréf yðar frá 19. 2. 1968, þar sem óskað er umsagnar um bréf Sigurjóns Einarssonar frá 19. 2. 1968.

Sjúkdómsgreining Kleppsspítalans á Sigurjóni er að venju byggð á sjúkrasögu, sem gerð er samkvæmt upplýsingum, sem aflað er frá sjúklingnum sjálfum og öðrum, sem til hans þekkja, skoðun lækna, sálfræðilegum prófum og athugun á daglegri hegðun á spítalanum.

Þess má geta, að sjúkdómsgreining Kleppsspítalans er hin sama og fram kemur í vottorði Gríms, geðlækni, Magnússonar til sakadóms Reykjavíkur þann 23. 8. 1967“.

Í niðurlagi nefnds vottorðs Gríms Magnússonar lækni, dags. 23. 8. 1967, segir m. a. á þessa leið um varnaraðilja:

„Álit mitt er, að Sigurjón sé haldinn geðveilu og drykkjuhneigð, ábyrgur gerða sinna, en ekki hættulegri en fjöldi slíkra manna, sem eru að öllu leyti frjálsir annaðhvort vegna þess, að þeir hafa ekki brotið lög eða þá afplánað afbrot sín“.

Í greinargerð sinni, dags. 20. þ. m., segir verjandi varnaraðilja á þessa leið um þá kröfu varnaraðilja, að dr. med. Tómas Helgason yfirlæknir verði kvaddur fyrir dóm:

„Skjólstæðingur minn krafðist þess í gær, að dr. Tómas Helgason yrði kallaður fyrir dóm og yfirheyrður um tiltekin atriði, er mál þetta varða. Dómari hefur nú tjáð mér, að dr. Tómas hafi sent sakadómi greinargerð um þessi atriði, en telji sér óskylt að koma fyrir dóm. Upplýsingar þær, sem dr. Tómas óskast krafinn vættis um, eru ekki af því tagi, sem um ræðir í 92. gr. laga um meðferð opinberra mála, heldur álit sérfræðings um heilsufar

skjólstæðings míns og efni máls þessa. Úrslit málsins kunna að velta á því, að glöggar upplýsingar fáiast um þessi atriði, og tel ég tvímælalaust, að dr. Tómasi sé skylt að mæta í málinu og gefa þessar upplýsingar“.

Framangreint vottorð Kleppsspítalans um sjúkdómsgreininguna á varnaraðilja lét dr. med. Tómas Helgason yfirlæknir dómnum í té sem fyrirsvarsmaður spítalans, sem er ríkisspítali. Með upplýsingum þeim, er í bréfi Kleppsspítalans frá 20. þ. m. greinir, hefur að áliti dómsins verið gerð fullnægjandi grein fyrir því, á hverju sjúkdómsgreiningin var byggð, enda er ekkert fram komið, sem mælir henni í gegn. Verður dr. med. Tómas Helgason yfirlæknir því eigi skyldaður til að mæta í sakadómi til yfirheyrslu út af atriði þessu, sbr. 92. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála. Eigi verður honum heldur talið skylt að mæta með hliðsjón af lagaákvæði þessu til að gera grein fyrir, hver nauðsyn sé á því, að varnaraðili verði sviptur sjálfræði.

Samkvæmt framansögðu verða eigi aðrir læknar Kleppsspítalans kvaddir fyrir dóm til að leita álits þeirra um atriði þessi.

Ályktarorð:

Dr. med. Tómasi Helgasyni yfirlækni svo og öðrum læknum um Kleppsspítalans er óskylt að koma fyrir dóm í máli þessu.

Miðvikudaginn 20. marz 1968.

Nr. 190/1967. **Lárus Ottesen** (Magnús Thorlacius hrl.)
gegn

Sindra h/f (Sigurður Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Synjað um innsetningargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1967 og krafizt þess, að hinn afrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir fógeta